

Fundur náttúruverndarnefndar Þingeyinga 4. apríl 2017 Fundargerð nr. 1-2017

Mættir: Þorkell Lindberg (formaður), Gréta Bergrún (ritari), Arna Hjörleifsdóttir

Fundarstaður: Skype fundarform og í síma

Fundur settur kl. 13.00

1. Beiðni frá Þingeyjarsveit um umsögn vegna gerð deiliskipulags.

Náttúruverndarnefnd barst beiðni frá Þingeyjarsveit um umsögn vegna gerð deiliskipulags af Þingey og Skuldaþingey. Gögn skoðuð og málin rædd.

Nefndin gerir eftirfarandi ábendingar:

- Að vinna við deiliskipulag taki tillit til þess að ágangi á svæðinu fylgja kröfur um nauðsynlega innviði, s.s. sorpílátum og salernum. Eðlilegt að það sé ekki haft á eyjunum sjálfum heldur við bílastæði við upphaf gönguleiðar.
- Að vinna við deiliskipulag feli í sér áætlun um það hver sjái um rekstur svæðisins eða þess áfangastaðar sem þarna er verið að búa til, þannig að vernd fornminja sé tryggð og umgengni valdi ekki skaða á minjum og náttúru svæðisins.

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga kemur ekki með frekari ábendingar að svo stöddu.

Fundargerð lesin og samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.10